

# Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar

---

Ársreikningur

---

## 2011

---

Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar  
Sigtúni 42  
105 Reykjavík  
Kt. 430269-6589

# Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar

---

Ársreikningur

---

2011

## Efnisyfirlit

Skýrsla stjórnar .....	2-3
Áritun óháðs endurskoðanda .....	4
Yfirlit um breytingu á hreinni eign .....	5
Efnahagsreikningur .....	6
Yfirlit um sjóðstreymi .....	7
Skýringar .....	8-15
Kennitölur .....	16

---

# Skýrsla stjórnar

---

## Fjöldi sjóðfélaga og fjárhæð móttækinnna iðgjalda

Á árinu 2011 voru að meðaltali 740 sjóðfélagar sem greiddu iðgjöld til A-deildar á mánuði, samanborið við 792 árið áður (meðaltal virkra). Alls áunnu 724 sjóðfélagar sér réttindi vegna greiddra iðgjalda á árinu 2011, samanborið við 779 árið áður. Óvirkir sjóðfélagar sem eiga réttindi hjá sjóðnum eru 14.454 talsins, þ.e. 1.652 í A-deild (almenn deild) og 12.802 í B-deild (stiga deild), samanborið við 14.519 árið áður, þ.e. 1.643 í A-deild og 12.876 í B-deild.

Iðgjöld sjóðfélaga ásamt mótfamlagi launagreiðenda námu 1.692 m.kr. árið 2011, samanborið við 1.624 m.kr. árið áður eða 4% hækkun. Réttindaflutningur og endurgreiðslur voru nettó 0,2 m.kr. í útgreiðslur, samanborið við 5 m.kr. árið áður.

Endurgreiðsluhlutfall greidds lífeyris var að tillögu tryggingastærðfræðings 69% árið 2011, samaborið við 67% árið áður. Þær stofnanir og fyrirtæki sem gert hafa upp áfallnar lífeyrisskuldbindingar sínar eru ekki krafin um hlutdeild í greiðslu lífeyris.

## Lífeyrisþegar og lífeyrisgreiðslur

Lífeyrir nam 2.474 m.kr. á árinu 2011, samanborið við 2.377 m.kr. árið áður eða 4% hækkun. Skýrist það einkum af fjölgun lífeyrisþega. Lífeyrisþegar voru að meðaltali 2.783 á mánuði, þ.e. 1.936 sem fengu ellilífeyri, 379 örorkulífeyri, 448 makalífeyri og 19 barnalífeyri. Samsvarandi tölur fyrir fyrra ár eru 2.719 á mánuði, þ.e. 1.867 fengu ellilífeyri, 380 örorkulífeyri, 448 makalífeyri og 24 barnalífeyri.

## Fjárfestingar

Í árslok 2011 námu fjárfestingar sjóðsins 58.046 m.kr., samanborið við 54.152 m.kr. í ársbyrjun. Á árinu ráðstafaði sjóðurinn 5.210 m.kr. til fjárfestinga, þ.e. 3.656 m.kr. til kaupa á verðbréfum með föstum tekjum eða 68% og 1.554 m.kr. til kaupa á verðbréfum með breytilegum tekjum eða 32%. Fjárfestingar í árslok eru nánast að öllu leiti í íslenskum krónum eða rúm 99%. Seld verðbréf og fengnar afborganir námu 5.716 m.kr. á árinu, samanborið við 6.798 m.kr. árið áður.

Varúðar niðurfærsla óskráðra verðbréfa nam 1.032 m.kr. í árslok 2011, samanborið við 947 m.kr. í ársbyrjun eða hækkun um 85 m.kr. Hækkunin dreifist nokkuð jafnt á skuldabréf lánastofnana og fyrirtækja.

## Framtíðarþróun

Sjóðnum var lokað fyrir nýjum sjóðfélögum á árinu 1998. Í samræmi við samþykktir sjóðsins er gerður reikningur á viðkomandi launagreiðanda fyrir hluta útgreidds mánaðarlegs lífeyris og er fjárhæð hans byggð á tryggingafræðilegum forsendum. Það hlutfall er nú 69%. Lífeyrissjóðurinn stendur þannig undir 31% af greiddum lífeyri. Megin áhersla er og verður lögð á tryggja ávöxtun með fjárfestingum í skuldabréfum með ábyrgð ríkissjóðs og annarra opinberra aðila.

## Hrein eign til greiðslu lífeyris og ávöxtun

Hrein eign til greiðslu lífeyris nam 58.203 m.kr. í árslok, samaborið við 54.376 m.kr. í ársbyrjun eða 7% hækkun.

Skuldabréf með ríkisábyrgð eru 77% af fjárfestingum sjóðsins í árslok og skuldabréf fyrirtækja og sveitarfélaga samtals 13%. Öll eru verðtryggð. Ávöxtun sjóðsins tekur þannig að mestu mið af verðbólgu ársins og föstum vöxtum bréfanna. Fjárfestingatekjur voru jákvæðar um 4.787 m.kr., samanborið við 2.731 m.kr. árið áður.

Nafnávöxtun sjóðsins reiknuð samkvæmt formúlu Fjármálaeftirlitsins var 8,6% og hrein raunávöxtun 3,2%, samanborið við 5,1% og 2,4% árið áður. Fimm ára meðaltal hreinnar raunávöxtunar er 4,0% sem er viðunandi þar sem sjóðnum hefur verið lokað og lífeyrisgreiðslur orðnar meiri en iðgjöld. Lífeyrisskuldbindingar eru núvirtar með 3,5% stuðli. Í kennitölum meðfylgjandi ársreikningi er að finna upplýsingar um ávöxtun einstakra ára.

# Skýrsla stjórnar

---

## Rekstur

Starfsemi sjóðsins var með hefðbundnum hætti á árinu. Rekstrarkostnaður nam 73 m. kr. sem er 0,1% af hreinni eign eins og árið áður. Fjárfestingargjöld námu 58 m.kr. samanborið við 40 m.kr. árið áður. Enginn starfsmaður var á launaskrá hjá sjóðnum, þar sem Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga sér um rekstur hans samkvæmt samningi þar um.

## Atburðir eftir lok reikningsskiladags

Það hafa engir atburðir orðið eftir uppgjörsdag sem hafa verulega þýðingu fyrir ársreikninginn.

## Tryggingafræðileg athugun

Samkvæmt athugun Bjarna Guðmundssonar tryggingastærðfræðings, á áunnum lífeyrisréttindum sjóðfélaga í árslok 2011 nam áfallin skuldbinding A-deildar 67.573 m.kr. og áfallin skuldbinding B-deildar 3.281 m.kr. eða samtals 70.854 m.kr. Áfallin skuldbinding hækkar um 7,5% frá fyrra ári. Í töflu sem er hluti skýringa ársreiknings er að finna frekari upplýsingar um tryggingafræðilega stöðu sjóðsins, m.a. um þá hreinu eign sem sjóðurinn á til að mæta þessari skuldbindingu. Þess ber að geta að borgarsjóður ábyrgist skuldbindingar sjóðsins.

## Staðfesting stjórnar

Að álit stjórnar og framkvæmdastjóra Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á breytingu á hreinni eign sjóðsins á árinu 2011, efnahag hans 31. desember 2011 og breytingu á handbæru fé á árinu 2011 í samræmi við lög um ársreikninga.

Stjórn og framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2011 með undirritun sinni.

Reykjavík, 21. mars 2012.

### Í stjórn

Björk Vilhelmsdóttir  
stjórnarformaður

Þorgrímur Hallgrímsson

Jón Fjörnir Thoroddsen

Júlíus Vífill Ingvarsson

Ása Clausen

### Framkvæmdastjóri

Jón G. Kristjánsson

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

## Til stjórnar og sjóðfélaga Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar fyrir árið 2011. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

### Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

### Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits lífeyrissjóðsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af breytingu á hreinni eign sjóðsins á árinu 2011, efnahag hans 31. desember 2011 og breytingu á handbæru fé á árinu 2011 í samræmi við lög um ársreikninga.

Kópavogur, 21. mars 2012.

Deloitte ehf.



Sigurður Páll Hauksson  
endurskoðandi

# Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2011

	Skýr.	2011	2010
<b>Iðgjöld</b>	9		
Iðgjöld sjóðfélaga .....		108.788.520	112.496.261
Iðgjöld launagreiðenda .....	19	239.154.024	244.781.694
Réttindaflutningur og endurgreiðslur .....		(217.305)	(4.946.272)
Sérstök aukaframlög .....	20	1.344.602.458	1.266.725.289
		<u>1.692.327.697</u>	<u>1.619.056.972</u>
<b>Lífeyrir</b>			
Lífeyrir .....	21	(2.473.917.878)	(2.377.097.853)
Annar beinn kostnaður vegna örorkulífeyris .....		104.574	(63.800)
		<u>(2.473.813.304)</u>	<u>(2.377.161.653)</u>
<b>Fjárfestingartekjur</b>	10		
Tekjur af eignarhlutum .....	22	(35.350.137)	(88.517.924)
Vaxtatekjur og gengismunur .....	23	4.976.198.103	3.299.343.847
Breytingar á niðurfærslu .....	27	(153.954.792)	(479.803.557)
		<u>4.786.893.174</u>	<u>2.731.022.366</u>
<b>Fjárfestingargjöld</b>	11		
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....		(57.979.496)	(39.630.262)
<b>Rekstrarkostnaður</b>	11		
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....		(72.825.204)	(51.005.325)
<b>Önnur gjöld</b>			
Gjald í ríkissjóð .....	34	(47.416.024)	0
Hækkun á hreinni eign á árinu .....		3.827.186.843	1.882.282.098
Hrein eign frá fyrra ári .....		54.376.040.648	52.493.758.550
<b>Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris .....</b>		<u>58.203.227.491</u>	<u>54.376.040.648</u>

# Efnahagsreikningur 31. desember 2011

	Skýr.	31.12.2011	31.12.2010
<b>Fjárfestingar</b>	12 - 15		
Verðbréf með breytilegum tekjum .....	24	2.139.928.125	1.444.030.289
Verðbréf með föstum tekjum .....	26	54.723.334.734	51.500.576.478
Veðlán .....	28	1.182.975.264	1.207.173.497
		<u>58.046.238.123</u>	<u>54.151.780.264</u>
<b>Kröfur</b>	17		
Kröfur á launagreiðendur .....	30	44.567.484	38.542.093
Aðrar kröfur .....		3.475.363	44.686.672
		<u>48.042.848</u>	<u>83.228.765</u>
<b>Aðrar eignir</b>			
Sjóður og veltiinnlán .....		226.971.377	178.090.782
		<u>226.971.377</u>	<u>178.090.782</u>
<b>Eignir alls</b>		<u>58.321.252.348</u>	<u>54.413.099.811</u>
<b>Viðskiptaskuldir</b>	18		
Aðrar skuldir .....		118.024.857	37.059.163
<b>Skuldir alls</b>		<u>118.024.857</u>	<u>37.059.163</u>
<b>Hrein eign til greiðslu lífeyris .....</b>		<u>58.203.227.491</u>	<u>54.376.040.648</u>

# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2011

	Skýr.	2011	2010
<b>Inngreiðslur</b>			
Iðgjöld .....		1.707.343.765	1.571.854.791
Fjárfestingartekjur .....		675.048.943	390.819.645
Afborganir verðbréfa .....		2.908.472.987	3.205.481.652
Seld verðbréf með breytilegum tekjum .....		1.040.907.909	2.941.893.805
Seld verðbréf með föstum tekjum .....		1.525.314.076	650.354.771
		<u>7.857.087.680</u>	<u>8.760.404.664</u>
<b>Útgreiðslur</b>			
Lífeyrir .....		(2.473.813.304)	(2.377.161.653)
Fjárfestingargjöld .....		(57.979.496)	(39.630.262)
Rekstarkostnaður án afskrifta .....		(66.589.423)	(51.005.325)
		<u>(2.598.382.223)</u>	<u>(2.467.797.240)</u>
Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annarri fjárfestingu .....		<u>5.258.705.457</u>	<u>6.292.607.424</u>
<b>Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting</b>			
Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum .....		(1.554.007.046)	(2.808.001.738)
Kaup á verðbréfum með föstum tekjum .....		(3.655.817.815)	(3.564.974.954)
		<u>(5.209.824.861)</u>	<u>(6.372.976.692)</u>
Hækkun (lækkun) á sjóð og veltiinnlánnum .....		48.880.596	(80.369.268)
Sjóður og veltiinnlán í ársbyrjun .....		<u>178.090.782</u>	<u>258.460.050</u>
<b>Sjóður og veltiinnlán í árslok .....</b>		<u><u>226.971.378</u></u>	<u><u>178.090.782</u></u>



# Skýringar

---

## I) Starfsemi

### 1. Almenn

Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar (LsRb) var stofnaður með samþykkt bæjarstjórnar þann 2. janúar 1930 og hét þá Eftirlaunasjóður Reykjavíkurborgar. Sjóðurinn starfar samkvæmt lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og hefur til þess fullgilt starfsleyfi, sem gefið var út 8. desember 1998. Sjóðurinn rekur tvær samtryggingadeildir (A og B) (nr. 640).

### 2. Sjóðnum lokað

Sjóðnum var lokað fyrir inngöngu nýrra sjóðfélaga frá og með 1. janúar 1998 og fellur starfssemi hans nú undir ákvæði 54. gr. laga nr. 129/1997.

### 3. A deild

Almenn deild. Sjóðfélagar eru allir starfsmenn Reykjavíkurborgar og stofnana hennar, sem unnið hafa hjá þessum aðilum hálf starf eða meira í fulla tólf mánuði og falla undir lög nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Iðgjald er 12%, þ.e. 4% frá sjóðfélaga og 8% frá launagreiðanda. Hafi sjóðfélagi greitt til sjóðsins í 32 ár, falla iðgjaldagreiðslur hans niður og launagreiðandi greiðir 12%. Lífeyrir er ævilangur ellilífeyrir frá 65 ára aldri hafi sjóðfélagi greitt í a.m.k. 5 réttindaár, örorkulífeyrir, ævilangur makalífeyrir og barnalífeyrir. Sé sjóðfélagi orðinn 60 ára getur hann látið af störfum ef samanlagður aldur hans og starfsaldur eru 95 ár.

Lífeyrisréttindi eru miðuð við laun sem fylgja starfi því er sjóðfélagi gegndi síðast (eftirmannsregla), en breytast eftir það með meðalvísitölu launa opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu sem Hagstofa Íslands reiknar út.

### 4. B deild

Ofangreind ákvæði gilda ekki um réttindi sjóðfélaga sem ekki ná fimm ára starfstíma. Um réttindi þeirra gilda ákvæði samkvæmt grundvallarreglugerð Sambands almennra lífeyrissjóða frá árinu 1997 og eru réttindi þeirra sjóðfélaga varðveitt í B-deild sjóðsins. Fyrir hvert ár sem greitt er til sjóðsins ávinnst ellilífeyrisréttur sem er 1,4% af þeim launum sem greitt er af og eru þau réttindi verðtryggt miðað við vísitölu neysluverðs. Ellilífeyrisaldur er 67 ára og makalífeyrisréttur ekki ævilangur.

### 5. Ábyrgð borgarsjóðs

Borgarsjóður ábyrgist skuldbindingar sjóðsins, en auk iðgjaldagreiðslna skulu borgarsjóður og viðkomandi stofnanir endurgreiða tiltekið hlutfall af útgjöldum til lífeyrisgreiðslna. Hlutfallið er ákveðið af borgarstjórn að fenginni umsögn tryggingafræðings og sjóðsstjórnar. Endurgreiðsluhlutfall var 69% árið 2011 og 67% árið 2010.

### 6. Daglegur rekstur

Frá 1. júní 1999 hefur Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga haft umsjón með og annast daglegan rekstur sjóðsins.

## II) Reikningsskilaaðferðir

### 7. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar fyrir árið 2011 er gerður í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga, lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og reglur Fjármálaeftirlitsins nr. 55/2000 um ársreikninga lífeyrissjóða. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

### 8. Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

# Skýringar

## 9. Iðgjöld

Iðgjöld í sameign eru færð til tekna þegar skilagreinar hafa borist sjóðnum, óháð því hvort þau eru greidd eða ekki. Ógreidd iðgjöld í árslok eru færð til eignar sem kröfur á launagreiðendur.

## 10. Fjárfestingartekjur

Tekjur af eignarhlutum samanstanda af fengnum arði og breytingu á markaðsverði hlutabréfa, þ.m.t. vegna breytingu á gengi gjaldmiðla.

Vaxtatekjur og gengismunur samanstanda af vaxtatekjum og verðbótum af verðbréfum með föstum tekjum, veðlánnum, bankainnistæðum og ógreiddum iðgjöldum. Einnig af gengismun erlendra skuldabréfa og breytingu á markaðsverði hlutdeildarskírteina.

## 11. Fjárfestingargjöld og rekstrarkostnaður

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaði er skipt á milli fjárfestingargjalda og rekstrarkostnaðar eftir því hvort um er að ræða áætlaðan kostnað við fjárfestingar eða annan rekstur sjóðsins.

Önnur fjárfestingargjöld samanstanda af beinum kostnaði við fjárfestingar sjóðsins.

## 12. Verðbréf með breytilegum tekjum

Verðbréf með breytilegum tekjum samanstanda af hlutabréfum, hlutdeildarskírteinum og tengdum afleiðusamningum. Skráð hlutabréf og hlutdeildarskírteini eru færð til eignar á markaðsverði í árslok. Óskráð eru færð til eignar á kostnaðarverði eða áætluðu markaðsverði í árslok.

## 13. Verðbréf með föstum tekjum

Verðbréf með föstum tekjum samanstanda af skuldabréfum og öðrum verðbréfum með föstum vöxtum eða tiltekinni vaxtaviðmiðun. Verðbréfin eru færð til eignar miðað við upphaflega kaupkröfu. Í árslok er metin þörf á niðurfærslu og ef hún er talin nauðsynleg þá er bókfært verð fært niður í áætlað markaðsverð.

## 14. Veðlán

Veðlán samanstanda af skuldabréfum með veði í fasteignum. Þau eru færð til eignar með sama hætti og önnur verðbréf með föstum tekjum.

## 15. Skiptasamningar

Í árslok samanstanda skiptasamningar af samningum sem gerðir voru við hina föllnu íslensku banka. Samningarnir eru fallnir á gjalddaga, en óvíst er hvenær þeir verða gerðir upp og hver sú fjárhæð verður. Ástæðan er ágreiningur við bankana um við hvaða gengi íslensku krónunnar skuli miða.

Í ársreikningi þessum eru skiptasamningar við hina föllnu banka metnir á gengisvísitölunni 175, sem er óbreytt frá fyrra ári. Til frádráttar eru færð skuldabréf útgefin af viðkomandi bönkum, enda hefur sjóðurinn óskað skuldajöfnunar.

## 16. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í árslok. Gengismunur sem myndast er færður meðal fjárfestingartekna. Miðgengi Seðlabanka Íslands greinist þannig:

	Mynt	Meðalgengi ársins		Árslokagengi	
		2011	2010	31.12.2011	31.12.2010
Bandaríkjadalur.....	USD	116,07	122,04	122,71	115,05
Dönsk króna.....	DKK	21,67	21,74	21,37	20,60
Sænsk króna.....	SEK	17,88	16,96	17,79	17,06

# Skýringar

## 17. Kröfur

Kröfur á launagreiðendur og aðrar kröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreykingur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

## 18. Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

## III) Sundurliðanir

### 19. Iðgjöld launagreiðenda

Iðgjöld launagreiðenda greinast þannig:

	2011	2010
Lögbundin iðgjöld launagreiðenda.....	239.154.024	244.781.694

### 20. Sérstök aukaframlög

Sérstök aukaframlög greinast þannig:

	2011	2010
Viðbótarhlutdeild í lífeyrisgreiðslum.....	1.211.803.328	1.135.717.784
Viðbótarhlutdeild í lífeyrisgreiðslum / samtímagreiðslur.....	110.076.076	109.966.046
Framlag ríkissjóðs til jöfnunar örorkubyrði.....	22.723.054	21.041.459
	<u>1.344.602.458</u>	<u>1.266.725.289</u>

### 21. Lífeyrir

Lífeyrir greinist þannig:

	2011	2010
Ellilífeyrir.....	1.824.687.122	1.741.450.472
Makalífeyrir.....	470.690.740	456.497.595
Örorkulífeyrir.....	176.212.120	176.364.869
Barnalífeyrir.....	2.352.012	2.784.917
Endurgreiddur lífeyrir.....	(24.116)	0
	<u>2.473.917.878</u>	<u>2.377.097.853</u>

### 22. Tekjur (gjöld) af eignarhlutum

Tekjur (gjöld) af eignarhlutum greinast þannig:

	Innlend	Erlend	Samtals 2011	Samtals 2010
Af hlutabréfum.....	<u>3.689.967</u>	<u>(39.040.104)</u>	<u>(35.350.137)</u>	<u>(88.517.924)</u>

# Skýringar

## 23. Vaxtatekjur og gengismunur

Vaxtatekjur og gengismunur greinast þannig:

	Innlend	Erlend	Samtals 2011	Samtals 2010
Af verðbréfum með breytilegar tekjur.....	163.594.889	2.219.501	165.814.390	234.881.898
Af verðbréfum með fastar tekjur.....	4.644.264.956	0	4.644.264.956	2.971.901.838
Af veðlánnum.....	152.286.717	0	152.286.717	76.801.715
Af bankainnistæðum.....	9.222.995	0	9.222.995	12.464.868
Af kröfum.....	4.609.045	0	4.609.045	3.293.528
	<u>4.973.978.602</u>	<u>2.219.501</u>	<u>4.976.198.103</u>	<u>3.299.343.847</u>

## 24. Verðbréf með breytilegum tekjum

Verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig:

	Innlend	Erlend	Samtals 2011	Samtals 2010
Skuldabréfasjóðir.....	1.354.334.034	0	1.354.334.034	1.032.205.866
Peningamarkaðssjóðir.....	3.018.418	0	3.018.418	6.104.819
Hlutabréf 1).....	487.424.082	60.028.648	547.452.730	261.801.213
Hlutabréfasjóðir.....	203.593.308	6.757.495	210.350.803	187.536.269
Hlutabréfatengd skuldabréf.....	3.354.000	0	3.354.000	3.354.000
Vogunarsjóðir.....	21.418.140	0	21.418.140	19.440.155
Skiptasamningar.....	0	0	0	(66.412.033)
	<u>2.073.141.982</u>	<u>66.786.143</u>	<u>2.139.928.125</u>	<u>1.444.030.289</u>

1) Eignarhlutdeild í einstökum hlutafélögum er undir 2% og bókfært verð undir 0,5% af hreinni eign til greiðslu lífeyris.

## 25. Skiptasamningar

Eins og fram kemur í skýringu nr. 15 er bókfærð staða skiptasamninga óbreytt frá ársbyrjun.

Það sem einkum getur haft áhrif á mat á virði samninganna er við hvaða gengi íslensku krónunnar skuli miða, hvort heimilt verði að skuldajafna með skuldabréfum útgefnum af hinum föllnu bönkum og hvort reiknaðir eru vextir frá gjalddaga. Í mati sjóðsins er miðað við gengisvísitöluna 175, gert ráð fyrir að heimilt verði að skuldajafna og ekki reiknaðir vextir.

Bókfært verð skiptasamninga og undirliggjandi eign (skuld) þeirra greinist þannig:

	Undirliggjandi		Samtals 31.12.2011	Samtals 31.12.2010
	Eign	Skuld		
Skiptasamningar.....	109.022.496	(175.434.529)	(66.412.033)	(66.412.033)
Krafa um skuldajöfnun.....			66.412.033	66.412.033
Nettó bókfærð staða skiptasamninga.....			<u>0</u>	<u>0</u>

# Skýringar

## 26. Verðbréf með föstum tekjum

Verðbréf með föstum tekjum greinast þannig (allt innlend):

	2011	2010
Skuldabréf með ríkisábyrgð.....	45.054.715.851	42.970.390.339
Skuldabréf sveitarfélaga.....	1.875.806.902	1.505.877.811
Skuldabréf lánastofnana.....	268.902.327	154.744.908
Skuldabréf fyrirtækja.....	7.523.909.654	6.869.563.420
	<u>54.723.334.734</u>	<u>51.500.576.478</u>
Áætlað markaðsverð.....	<u>56.704.499.323</u>	<u>53.636.322.433</u>

## 27. Niðurfærsla verðbréfa

Bókfært verð óskráðra verðbréfa hefur verið fært niður varúðarniðurfærslu sem byggir á mati stjórnenda sjóðsins á því hvað viðkomandi skuldari getur greitt og verðmæti þeirra trygginga sem að baki liggja. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift, heldur er myndaður mótreykingur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

Breyting á niðurfærslu á árinu greinist þannig:

	2011	2010
Staða í ársbyrjun.....	947.352.957	672.948.820
Gjaldfært á árinu.....	153.954.792	479.803.557
Tapað á árinu.....	(69.744.392)	(205.399.420)
Staða í árslok.....	<u>1.031.563.357</u>	<u>947.352.957</u>

Niðurfærsla í árslok greinist þannig:

	31.12.2011	31.12.2010
Skuldabréf lánastofnana.....	687.103.187	748.817.012
Skuldabréf fyrirtækja.....	331.044.170	185.119.945
Hlutabréfatengd skuldabréf.....	13.416.000	13.416.000
	<u>1.031.563.357</u>	<u>947.352.957</u>

Aðrar eignir í ársreikningi þessum hafa ekki verið færðar niður varúðarniðurfærslu

## 28. Veðlán

Veðlán greinast þannig (allt innlend):

	2011	2010
Veðlán til sjóðfélaga.....	935.068.531	969.105.790
Veðlán til annarra.....	247.906.733	238.067.707
	<u>1.182.975.264</u>	<u>1.207.173.497</u>

# Skýringar

## 29. Skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum

Fjárfestingar greinast þannig eftir gjaldmiðlum, án áhrifa gjaldmiðlasamninga:

	Mynt	31.12.2011	31.12.2010
Íslenskar krónur.....	ISK	57.581.335.529	54.043.634.690
Bandaríkjadalir.....	USD	398.116.451	0
Danskar krónur.....	DKK	60.028.648	101.629.595
Sænskar krónur.....	SEK	6.757.495	6.515.979
		<u>58.046.238.123</u>	<u>54.151.780.264</u>

## 30. Kröfur

Kröfur á launagreiðendur eru vegna ógreiddra iðgjalda.

## 31. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

Laun til stjórnar greinast þannig:

	2011	2010
Alfreð Þór Þorsteinsson .....	0	482.096
Ása Clausen .....	334.048	0
Benedikt Geirsson .....	0	197.488
Björk Vilhelmsdóttir .....	728.832	561.904
Garðar Hilmarsson .....	91.104	379.696
Jón Fjörnir Thoroddsen .....	364.416	182.208
Júlíus Vífill Ingvarsson .....	364.416	182.208
Sjöfn Ingólfssdóttir .....	30.368	379.696
Þorgrímur Hallgrímsson .....	273.312	0
	<u>2.186.496</u>	<u>2.365.296</u>

Framkvæmdastjóri er ekki á launaskrá, en sjóðurinn greiðir hlutdeild í rekstrarkostnaði Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga og er sá kostnaður færður undir skrifstofu- og stjórnunarkostnað.

Laun til endurskoðunarnefndar greinast þannig:

	2011	2010
Alfreð Þór Þorsteinsson .....	0	200.000
Ása Clausen .....	40.000	0
Birgir Björn Sigurbjörnsson .....	210.000	360.000
Björk Vilhelmsdóttir .....	140.000	40.000
Sjöfn Ingólfssdóttir .....	80.000	240.000
	<u>470.000</u>	<u>840.000</u>

# Skýringar

## 32. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

Þóknun til endurskoðenda, sem færð er meðal rekstrargjalda, greinist þannig:

	2011	2010
Endurskoðun ársreiknings .....	4.147.537	2.244.240
Innri endurskoðun .....	2.000.892	1.097.490
	<u>6.148.429</u>	<u>3.341.730</u>

## 33. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður færður meðal fjárfestingargjalda greinist þannig:

	2011	2010
Hlutdeild í skrifstofu- og stjórnunarkostnaði sem færður er meðal rekstrarkostnaðar ....	24.275.068	17.001.775
Þóknun til verðbréfafyrirtækja .....	33.704.428	22.628.487
	<u>57.979.496</u>	<u>39.630.262</u>

## 34. Gjald í ríkissjóð

Þann 17. desember 2011 samþykkti Alþingi breytingu á lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Í breytingunni fólst að við álagningu opinberra gjalda árin 2012 og 2013 verður lífeyrissjóðum gert að greiða sérstakt gjald í ríkissjóð sem nemur 0,0814% af hreinni eign þeirra. Gjald dagi er 1. nóvember ár hvert og fyrirframgreiðsluskýlda 1. desember árið áður.

Þar sem gjaldið miðar við hreina eign í árslok 2011 þá er það gjaldfært í ársreikningi 2011. Gjaldið reiknast þannig:

	2011
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris.....	58.203.227.491
Sérstakt gjald.....	47.416.024
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris, fyrir gjaldfærslu sérstaks gjalds.....	58.250.643.515
Hlutfall.....	0,0814%
Sérstakt gjald.....	<u>47.416.024</u>

Landssamtök lífeyrissjóða hafa átt í viðræðum við stjórnvöld um þátttöku lífeyrissjóða í fjármögnun sérstakra vaxtabóta. Líggur nú fyrir samkomulag sem fjármálaráðherra, Oddný Harðardóttir, hefur staðfest fyrir hönd stjórnvalda. Það felur í sér að til að skila hlut lífeyrissjóðanna í fjármögnun sérstakra tímabundinna vaxtabóta á árunum 2011 og 2012 munu lífeyrissjóðirnir styðja við framkvæmd áætlunar sem miðar að því að aflétta gjaldeyrishöftum. Í því sambandi munu lífeyrissjóðirnir meðal annars taka þátt í gjaldeyrishöftum Seðlabanka Íslands á komandi mánuðum.

## 35. Samþykkt ársreiknings

Ársreikningur þessi var samþykktur á stjórnarfundum sjóðsins þann 21. mars 2012.

# Skýringar

## IV) Tryggingafræðileg athugun

36. Tryggingafræðileg athugun miðað við árslok greinist þannig (í milljónum króna):

<i>A - deild:</i>	Áfallin skuldbinding	Framtíðar skuldbinding	Samtals 31.12.2011	Samtals 31.12.2010
Hrein eign til greiðslu lífeyris.....	54.888	0	54.888	51.400
Endurmat verðbréfa.....	772	0	772	2.266
Lækkun vegna núvirðis fjárfestingarkostnaðar....	(1.340)	0	(1.340)	(903)
Núvirði framtíðariðgjalda.....	0	2.901	2.901	3.079
<b>Eignir alls</b>	<b>54.321</b>	<b>2.901</b>	<b>57.222</b>	<b>55.842</b>
Ellilífeyrir.....	51.406	5.993	57.399	54.309
Örorkulífeyrir.....	1.590	195	1.785	1.837
Makalífeyrir.....	13.078	1.180	14.258	13.472
Barnalífeyrir.....	17	16	33	36
Rekstrarkostnaður.....	1.482	230	1.712	1.181
<b>Skuldbindingar alls</b>	<b>67.573</b>	<b>7.614</b>	<b>75.187</b>	<b>70.835</b>
Eignir umfram skuldbindingar.....	(13.252)	(4.713)	(17.965)	(14.993)
Í hlutfalli af skuldbindingum.....	(19,6%)	(61,9%)	(23,9%)	(21,2%)
<i>B - deild:</i>	Áfallin skuldbinding	Framtíðar skuldbinding	Samtals 31.12.2011	Samtals 31.12.2010
Hrein eign til greiðslu lífeyris.....	3.315	0	3.315	2.976
Endurmat verðbréfa.....	47	0	47	131
Lækkun vegna núvirðis fjárfestingarkostnaðar....	(81)	0	(81)	(52)
<b>Eignir alls</b>	<b>3.281</b>	<b>0</b>	<b>3.281</b>	<b>3.055</b>
Ellilífeyrir.....	2.716	0	2.716	2.515
Örorkulífeyrir.....	388	0	388	393
Makalífeyrir.....	105	0	105	98
Rekstrarkostnaður.....	72	0	72	49
<b>Skuldbindingar alls</b>	<b>3.281</b>	<b>0</b>	<b>3.281</b>	<b>3.055</b>
Eignir umfram skuldbindingar.....	0	0	0	0
Í hlutfalli af skuldbindingum.....	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%



# Kennitölur

	2011	2010	2009	2008	2007
<b>Ávöxtun</b>					
Nafnávöxtun .....	8,6%	5,1%	12,5%	19,0%	14,9%
Hrein raunávöxtun .....	3,2%	2,4%	3,6%	2,3%	8,5%
Hrein raunávöxtun (5 ára meðaltal) .....	4,0%	4,1%	4,3%	4,2%	5,8%
<b>Hlutfallsleg skipting fjárfestinga</b>					
Verðbréf með breytilegum tekjum, skráð .....	1,8%	1,1%	1,7%	2,4%	6,2%
Verðbréf með breytilegum tekjum, óskráð .....	1,9%	1,6%	1,5%	0,8%	0,3%
Verðbréf með föstum tekjum, skráð .....	35,2%	32,4%	27,2%	22,3%	17,0%
Verðbréf með föstum tekjum, óskráð .....	59,1%	62,7%	67,2%	71,5%	73,8%
Veðlán .....	2,0%	2,2%	2,4%	3,0%	2,7%
	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>
<b>Hlutfallsleg skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlun</b>					
Eignir í íslenskum krónum .....	99,2%	99,8%	100,0%	99,6%	98,3%
Eignir í erlendum gjaldmiðlum .....	0,8%	0,2%	0,0%	0,4%	1,7%
	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>
<b>Fjöldi</b>					
Fjöldi sjóðfélaga (meðaltal virkra) .....	740	792	845	919	1.090
Fjöldi lífeyrisþega (meðatal) .....	2.783	2.719	2.613	2.553	2.508
<b>Hlutfallsleg skipting lífeyris</b>					
Ellilífeyrir .....	73,8%	73,3%	72,8%	72,1%	70,7%
Makalífeyrir .....	19,0%	19,2%	20,3%	21,4%	22,6%
Örorkulífeyrir .....	7,1%	7,4%	6,8%	6,4%	6,6%
Barnalífeyrir .....	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%	0,2%
	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>
<b>Fjárhagsstaða skv. tryggingafræðilegri úttekt</b>					
Hrein eign umfram heildarskuldbindingar .....	(22,9%)	(20,3%)	(22,7%)	(28,2%)	(29,9%)
Hrein eign umfram áfallnar skuldbindingar .....	(18,7%)	(15,3%)	(17,3%)	(22,8%)	(23,9%)
<b>Rekstur</b>					
Rekstrarkostnaður í hlutfalli af hreinni eign .....	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%
Lífeyrisbyrði (lífeyrir í hlutfalli af iðgjöldum) .....	146,2%	146,8%	142,6%	139,5%	7,6%